



Skólamötuneyti í Vesturbyggð

Haustið 2007 hóf Vesturbyggð að bjóða nemendum og starfsfólki grunnskóla upp á heitan mat í mötuneytum á Bíldudal og á Patreksfirði, en mötuneyti hefur verið um árabíl í Birkimelsskóla með nokkuð öðrum formerkjum. Í haust verður boðið upp á þrjár heitar máltíðir í viku, þá daga sem skólastarf er einnig eftir hádegi.

Matseðlar eru útbúnir í samræmi við manneldismarkmið á Íslandi og tillögur ráðgjafa, auk þess sem handbók Lýðheilsustöðvar fyrir skólamötuneyti er lögð til hliðsjónar. Sjálfstætt starfandi næringarráðgjafi og ráðgjafi Lýðheilsustöðvar hafa veitt fræðslu og ráðgjöf til allra þeirra aðila sem koma að þessum málum í sveitarfélaginu. Tengill sveitarfélagsins við þjónustuaðila hefur það hlutverk að yfirfara matseðla og veita þjónustuaðilum upplýsingar og frekari aðstoð ef hennar er þörf. Það er því metnaður til þess að bjóða fjölbreyttan, næringarríkan og góðan mat í mötuneytum Vesturbyggðar, þó svo að sjaldan verði hægt að gera öllum til geðs. Það er enginn neyddur til að borða mat sem hann eða hún vill ekki. Hins vegar verður sú regla höfð í heiðri, að setja allar fæðutegundir á diskinn, lítið af því sem barnið kys síst eða ekki (nema vitanlega ef um þekkt ofnæmi eða fæðuóþol er að ræða) og því mikilvægt að foreldrar ræði það við börn sín – að prófa lítið og prófa í hvert sinn. Það er ekkert næringargildi í mat sem endar í ruslafötunni. Ef foreldrar þekkja til fæðuofnæmis eða fæðuóþols barna sinna eru þeir vinsamlega beðnir um að koma þeim upplýsingum til skóla eða á bæjarskrifstofur.

Ein leið til þess að gera mötuneytin notendavænni er að koma upp hugmynda-banka. Þar geta notendur komið með tillögur að mat, jafnvel uppskriftir, sem þeim líkar. Þannig hafa notendur bein áhrif á hvaða matur er í boði en vitanlega þarf að huga að ofangreindum manneldismarkmiðum við samsetningu réttanna og matseðlanna. Nú er bara að virkja hugmyndaflugið. Foreldrar eru einnig hvattir til þess að hafa samband ef einhverjar spurningar vakna.

Vesturbyggð er aðili að samvinnuverkefni Lýðheilsustöðvar og sveitafélaga í landinu sem nefnist *Allt hefur áhrif – einkum við sjálf* og má lesa meira um á heimasíðu

Lýðheilsustöðvar. Eins má kynna sér aðgerðaráætlun Vesturbyggðar á heimasíðu sveitarfélagsins http://www.vesturbyggd.is/stjornsysla/utgefid_efni/skra/458/

Verði ykkur að góðu!

Vinsamlega hafið samband við bæjarskrifstofur í síma 4502300 eða vesturbyggd@vesturbyggd.is og felagsmalafulltrui@vesturbyggd.is varðandi skráningar í mötuneytin, ábendingar eða ef frekari upplýsinga er óskað.

Elsa Reimarsdóttir félagsmála- og frístundafulltrúi Vesturbyggðar

Verkefnastjóri

